

## T I L L A G A

### **til þingsályktunar um greiningu á áhrifum skipulagsbreytinga á sóknir þjóðkirkjunnar.**

(Lagt fyrir 62. kirkjuþing 2021-2022).

Flutt af Svönu Helen Björnsdóttur.

Frsm. Svana Helen Björnsdóttir.

Kirkjuþing ályktar að skipa nefnd þriggja manna til að greina áhrif skipulagsbreytinga á sóknir þjóðkirkjunnar sem leiðir af nýjum lögum um þjóðkirkjuna nr. 77/2021. Nefndin skili kirkjuþingi 2022-2023 tillögum sínum.

#### Greinargerð.

Á kirkjuþingi 2019 var samþykkt þingsályktun um undirbúning að stefnumótun fyrir þjóðkirkjuna og á kirkjuþingi 2020-2021 var samþykkt að þeirri vinnu yrði haldið áfram. Dr. Bjarni Snæbjörn Jónsson hefur stýrt stefnumótunavinnunni sem hófst með umfangsmiklum stefnumótunarfundi sem haldinn var 6. febrúar síðastliðinn. Alls tóku 96 fundargestir þátt en þar komu fram sjö forgangsmál skýrt fram. Þau eru eftirfarandi:

- 1) Efla og bæta æskulýðsstarf.
- 2) Endurskoða stjórnskipun kirkjunnar.
- 3) Efla til muna kynningarstarf.
- 4) Tryggja fjárhagslegt öryggi og gæta að ráðdeild.
- 5) Efla mannauð kirkjunnar.
- 6) Efla stuðning við einstaka þætti í starfsemi safnaða.
- 7) Efla aðsókn að kirkjunni.

Stefnumótunarvinna hefur átt sér stað varðandi þessa þætti og nokkrar sóknir eru byrjaðar í eigin stefnumótunavinnu.

Á aukakirkjuþingi 2021 var lögð fram tillaga til þingsályktunar um stjórnskipan þjóðkirkjunnar (7. mál) þar sem m.a. er lagt til að yfirstjórn þjóðkirkjunnar verði skipt upp í tvö megin ábyrgðarsvið sem munu starfa náið saman.

Með vísan til ofangreinds leggur flutningsmaður til að skipuð verði þriggja manna nefnd til að greina áhrif þeirra skipulagsbreytinga sem leiðir af nýjum lögum um þjóðkirkjuna nr. 77/2021 á sóknir þjóðkirkjunnar.

Flutningsmaður leggur áherslu á að nefndin hafi eftirfarandi þætti að leiðarljósi:

- Tryggja þarf að sóknir landsins verði ekki afgangsstærð við skipulagsbreytingarnar.
- Greina þarf núverandi stöðu sókna alls landsins innan þjóðkirkjunnar með samræmdum hætti og setja viðmið varðandi starfsemi og virkni.
- Taka þarf saman með samræmdum hætti og birta á opnum vef þjóðkirkjunnar helstu upplýsingar um allar sóknir landsins.
- Skoða þarf möguleika á að miðlæg stjórnarsýsla þjóðkirkjunnar aðstoði sóknir við að greina upplýsingar, sinna verkefnum og koma upplýsingum á framfæri, t.d. í gegnum heimasíður sem eru samræmdar og vistaðar í einu heildarkerfi.
- Kanna möguleika á að bókhaldi og gjaldkerastarfi í sóknum sé sinnt af fagfólki í miðlægri þjónustueiningu þjóðkirkjunnar og gera þannig fólki auðveldara að starfa í sóknarnefndum.
- Þarfagreina og endurskoða samstarf sókna m.t.t. hugsanlegra breytinga á leikmannastefnu.
- Leitað verði leiða til að einfalda allt skipulag sem mest.

Lagt er til að nefndin skili tillögum sínum til kirkjuþings 2022-2023 og að forsætisnefnd flytji málið.